

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Íslenskar getraunir, nr. 477 27. október 1988.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 6. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að efna til sérstakra aukagetrauna vegna einstakra kappleikja. Sömu reglur gilda um þessar aukagetraunir og hina vikulegu getraunaleiki, þó þannig að þátttaka er bundin þeirri getraun (leikviku) einni. Þá gilda sérreglur um ráðstöfun vinninga, sbr. 5. mgr. 20. gr.

2. gr.

Á eftir 4. mgr. 20. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar efnt er til aukagetrauna samkvæmt 2. mgr. 6. gr. skal 40% af heildarsölu aukagetraunarinnar varið til vinninga. Heildarupphæð vinninga skiptist í 2 hluta. Skiptast 70% upphæðarinnar jafnt milli þeirra sem hafa flestar réttar ágiskanir og 30% jafnt milli þeirra sem hafa næstflestar réttar ágiskanir.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um getraunir, nr. 59 29. maí 1972, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. febrúar 1989.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um greiðslur samkvæmt 38. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

1. gr.

Þeir menn, sem njóta annarra tekna en launatekna og vilja komast hjá greiðslu verðbóta á tekjuskatt og útsvar af þessum tekjum, sbr. 121. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu greiða fjárhæð sem ætla má að nægi til lúkningar væntanlegri álagningu tekjuskatts og útsvars á þessar tekjur. Greiðsla þessi skal innt af hendi eigi síðar en 31. janúar næstan á eftir staðgreiðsluári. Greiðslan skal bætast við staðgreiðslu þá sem maðurinn innti af hendi eða innt hefur verið af hendi fyrir hann, á staðgreiðsluári og færast á staðgreiðsluskrá áður en greiðslustaða hans er ákvörðuð skv. 34. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda með síðari breytingum.

2. gr.

Með greiðslu samkvæmt 1. gr. skal fylgja sérstök skilgrein þar sem fram kemur m.a. nafn og kennitala þess aðila sem greitt er fyrir ásamt upplýsingum um hvers vegna greiðslan er innt af hendi. Skilagreinar er unnt að fá hjá skattstjórum og innheimtumönnum staðgreiðslu.

3. gr.

Maður skal skila greiðslu skv. reglugerð þessari, ásamt skilagrein í því umdæmi þar sem hann á lögheimili. Skil skal gera til gjaldheimtna þar sem þær eru starfandi en annars staðar til sýslumanns eða bæjarfógeta.

Eftirtaldir aðilar eru innheimtumenn staðgreiðslu og taka við staðgreiðslufé og skilagreinum:

A. Gjaldheimtur:

Gjaldheimtan í Reykjavík
 Gjaldheimtan í Mosfellsbæ
 Gjaldheimtan á Seltjarnarnesi
 Gjaldheimtan, Garðabæ
 Gjaldheimta Bessastaðahrepps
 Gjaldheimtan í Hafnarfirði
 Gjaldheimta Suðurnesja, Njarðvík
 Gjaldheimtan í Bolungarvík
 Gjaldheimta Vestfjarða
 Gjaldheimta Vestmannaeyja

B. Sýslumenn, bæjarfógetar:

Bæjarfógetinn á Akranesi
 Sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu
 Sýslumaður Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, bæjarfógetinn í Ólafsvík
 Sýslumaður Dalasýslu
 Sýslumaður Barðastrandarsýslu
 Sýslumaður Ísafjarðarsýslu, bæjarfógetinn á Ísafirði
 Bæjarfógetinn í Bolungarvík
 Sýslumaður Strandasýslu
 Sýslumaður Húnavatnssýslu
 Sýslumaður Skagafjarðarsýslu, bæjarfógetinn á Sauðárkróki
 Bæjarfógetinn á Siglufirði
 Bæjarfógetinn í Ólafsfirði
 Sýslumaður Eyjafjarðarsýslu, bæjarfógetinn á Akureyri og Dalvík
 Sýslumaður Þingeyjarsýslu, bæjarfógetinn á Húsavík
 Sýslumaður Norður-Múlasýslu, bæjarfógetinn á Seyðisfirði
 Bæjarfógetinn í Neskaupstað
 Sýslumaður Suður-Múlasýslu, bæjarfógetinn á Eskifirði
 Sýslumaður Austur-Skaftafellssýslu
 Sýslumaður Vestur-Skaftafellssýslu
 Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum
 Sýslumaður Rangárvallasýslu
 Sýslumaður Kjósarsýslu vegna Kjalarneshrepps og Kjósarhrepps
 Bæjarfógetinn í Kópavogi

4. gr.

Greiðsla ásamt skilagrein þarf að hafa borist innheimtumanni sem um getur í 2. mgr. 3. gr. eigi síðar en 31. janúar næstan á eftir staðgreiðsluári. Dagsetning á greiðslukvittun innheimtumanns staðgreiðslu er sönnun fyrir því að skil hafi verið gerð á réttum tíma.

Greiðslur sem berast eftir 31. janúar munu ekki verða teknar sem greiðsla samkvæmt 38. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, og verða því ekki færðar á staðgreiðsluskrá áður en greiðslustaða er ákvörðuð samkvæmt 34. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda með síðari breytingum.

5. gr.

Mismunur, sem í ljós kemur á álögðum tekjuskatti manna og staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 34. gr. þeirra laga, er stafar af of hárrí staðgreiðslu, skal taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. júlí á tekjuári og lánskjaravísitölu sem er í gildi 1. júlí á álagningarári. Komi í ljós að ofgreiðsla hefur myndast vegna innborgunar samkvæmt þessari reglugerð skal þó miða upphafsdag verðbótaútreiknings við 1. janúar næstan á eftir staðgreiðsluári.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 41. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum og heimild í 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 27. janúar 1989.

F. h. r.
Lárus Ögmundsson.

Snorri Olsen.

AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir
fredfisk á framleiðslutímabilunum frá 1. júní til 31. desember 1988
og frá 1. janúar til 31. maí 1989.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir fredfisk á framleiðslutímabilunum frá 1. júní til 31. desember 1988 og frá 1. janúar til 31. maí 1989.

Þorskur:	SDR cent pr. lb.
4 × 12 m/r 5–8 oz.	102,1
4 × 12 m/r 8–12 oz.	103,5
4 × 12 m/r 12–16 oz.	106,3
4 × 12 m/r 1–3 lbs.	116,1
1 × 35 m/r lausfrystur	111,9
4 × 12/14 r/l 8–12 oz.	118,1
4 × 12/14 r/l 12–16 oz.	122,9
4 × 12/14 r/l 1–3 lbs.	129,2
1 × 45 formflök	129,9
10 × 5	167,7
5 × 8 og 6 × 8 hnakkastykki	190,1
5 × 10 og 6 × 10	175,3
4 × 10	175,3
4 × 12	190,1
4 × 15 og 3 × 20	175,3
Blokk regluleg	103,8
Blokk með þunnildum	89,5
Blokk óregluleg	103,8
Þunnildablokk Evrópa	89,5
Marningsblokk	49,8
10 × 5 (SfS)	167,9
4 × 13	138,5
1 × 50 lausfryst Evrópa	111,9
1 × 25 lausfryst U.S.A.	171,6
5 × 12 vafningur	141,6